

R E G L U G E R ð

um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu skal vera 135 mm. Þó má lágmarksstærð möskva humarvörpu vera 80 mm og lágmarksstærð möskva rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum, aftur að fremsta horni neðra byrðis og 36 mm í vængjum, aftan við fremsta horn neðra byrðis, í efra byrði, neðra byrði og poka.

2. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafn breið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

3. gr.

Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hált möskva þá, sem lýst er í 1. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ekki teljast ólögmeitt:

- A) að festa segldúk, net eða annað efni undir botnvörpu í því skyni að forða eða draga úr sliti,
- B) til 31. desember 1975 að festa við botnvörpupoka að ofan slitvara eða hlifar, til að koma í veg fyrir slit. Skal um slitvarana eða hlifarnar fara eftir einhverri af þessum upptalningum:
 1. Netbútur með möskvum, sem ekki eru smærri, þegar þeir eru votir en möskvar nets þess, sem netbútinn á að festa við, að því tilskildu að:
 - a) netbúturinn sé aðeins festur við pokann að framan og á hliðunum,
 - b) breidd netbútsins sé a. m. k. hálf önnur breidd þess hluta pokans, sem hann þekur og er breiddin mæld þvert á langlínu pokans og
 - c) ef um pokagjörð er að ræða, nái netbúturinn ekki lengra fram en sem nemur fjórum möskvum fram fyrir pokagjörðina og ekki lengra aftur en sem nemur fjórum möskvum fyrir framan kolllínumöskva. Ef ekki er um pokagjörð að ræða, má netbúturinn ekki ná lengra fram en sem nemur þriðjungi lengdar pokans, mælt ekki skemur en fjórum möskvum fyrir framan kolllínumöskva.
 2. Netbútar með möskvum, sem eru ekki smærri, þegar þeir eru mældir votir, en möskvar nets þess, sem búтана á að festa við, og að því tilskildu að:
 - a) hver bútur um sig sé festur að framan aðeins þvert á langlínu pokans,
 - b) hver bútur um sig skal vera a. m. k. jafnbreiður pokanum og skal breiddin mæld þvert á langlínu pokans við samskeytin og
 - c) hver bútur um sig sé ekki lengri en sem nemur 10 möskvum og fari samanlögð lengd bútananna ekki fram úr tveimur þriðju hlutum lengdar pokans.
 3. Netbútur úr sama efni og pokinn, með helmingi stærri möskvum en hann, þegar þeir eru mældir votir, festur við pokann að framan, á hliðunum og að aftan, þannig að hver möskvi bútsins falli saman við fjóra möskva pokans.

4. gr.

Þráti fyrir ákvæði 1. greinar mega þó skip, er veiða makríl, sild og skyldar tegundir, loðnu, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), spærling, sandsíli, kolmunna eða lindýr hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir.

Skipum, sem stunda veiðar með smáriðnum botnvörpum eða flotvörpum skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar eða með humar- eða rækjuvörpum skv. ákvæðum 1. gr., er það aðeins heimilt að því tilskildu, að a) slík veiðarfæri noti skipin aðeins til þess að veiða þær tegundir, sem veiðarfærin eru gerð fyrir og b) öllum fiski, sem í þau fæst og ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem lýst er í 5. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar fleygt útbyrðis.

5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (<i>Gadus morhua morhua</i>)	43 cm
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	40 —
Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	45 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes plattessa</i>)	34 —
Langlúra (<i>Gyptocephalus cynoglossus</i>)	30 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	30 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Psetta maxima</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Psetta psetta</i>)	30 —
Stórkjafra (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	30 —
Lýsa (<i>Merlangius merlangus merlangus</i>)	40 —
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	20 —
Steinbítur (<i>Anarhichas lupus</i>)	40 —
Karfi (<i>Seliastes marinus</i>)	500 gr.

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má þó 5% af karfaafla hvernar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur. Þá skal óheimilt á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars að landa steinbít, sem nemur meir en 5% af afla skips í hverri veiðiferð.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

7. gr.

Brof gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, og er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs, ef brof þykir gefa tilefni til. Um tilraun og hlutdeild fer samkvæmt almennum ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 104 16. maí 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 16. maí 1976 að nota þau botnvörpunet, og til 16. maí 1977 þau flotvörpunet, sem til eru eða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla fyrir gildistöku hennar, enda séu þau gerð samkvæmt þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Dórður Ásgeirsson.

Nr. 394.

1. desember 1974.

AUGLÝSING**um umferð í Neskaupstað.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Neskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Neskaupstað:

1. Aðalbrautir eru: Naustahvammur, Strandgata, Hafnarbraut, Egilsbraut, Nesgata, Mýrargata, Sverristún, Miðstræti, austurhluti Melagötu að Víkurbraut og Víkurbraut.
2. Umferð um Urðarteig nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Tröllaveg.
3. Umferð um Hlíðargötu nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Blómsturvelli og Þiljuvelli.
4. Umferð um Sólvelli nýtur forgangsréttar fyrir umferð vestur Blómsturvelli.
5. Umferð um Þiljuvelli nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Sólvelli.
6. Bann er við vinstri beygju inn á Hólsögötu, þá ekið er austur Melagötu.
7. Bann er við hægri beygju inn á Melagötu, þá ekið er niður Hólsögötu.
8. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin Hafnarbrautar frá gatnamótum Víkurbrautar, austur Hafnarbraut og Egilsbraut, að og með Egilsbraut 9.
9. Bifreiðastöður eru bannaðar norðan megin Hafnarbrautar frá gatnamótum Víkurbrautar og í austur, 70 metra.
10. Bifreiðastöður eru bannaðar beggja megin Strandgötu, milli húsa nr. 4 og 10.
11. Bifreiðastöður eru bannaðar við Egilsbraut 5—7.
12. Bifreiðastöður eru bannaðar norðan megin Miðstrætis.
13. Bifreiðastöður eru bannaðar vestan megin Stekkjargötu.
14. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin Þiljuvalla.
15. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin Blómsturvalla.
16. Bifreiðastöður eru bannaðar beggja megin Hólsögötu á 100 metra kafla frá gatnamótum Hólsögötu og Stekkjargötu.
17. Bann er við hægri beygju upp Kviabólsstíg, þá ekið er vestur Egilsbraut.
18. Við Hafnarbraut 2 og 4 má ekki leggja bifreiðum lengur en 30 mínútur í senn frá kl. 9—19 frá mánudegi til föstudags.
19. Leyft er að leggja bifreiðum á svæði sunnan Hafnarbrautar beggja megin við húsið nr. 1 við Hafnarbraut.
20. Gangbraut er frá vesturenda Hafnarbrautar 2, þvert yfir götuna.
21. Akstur á snjóvélsleðum er bannaður í þéttbýli í Neskaupstað.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað, 1. desember 1974.

Böðvar Bragason.